



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fasteignagjöld árið 2020

Gjalddagar eru níu á árinu: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Ef ekki er greitt fyrir eindaga, sem er í lok mánaðar, reiknast dráttarvextir.

Gjöld eru lögð á fasteignir og lóðir samkvæmt eftirfarandi álagningarreglum og stuðlum:

Gjald	Íbúðir	Aðrar eignir
Fasteignaskattur	0,45%	1,32% / 1,65%
Lóðarleiga	3,75%	3,75%
Vatnsgjald	0,40%	0,50%
Fráveitugjald	0,40%	0,40%
Sorpjald	62.300 kr.	Sjá gjaldskrá

Fasteignaskattur, vatnsgjald og fráveitugjald eru reiknuð út frá fasteignamati húss og fasteignamati lóðar.

Lóðarleiga er reiknuð út frá fasteignamati lóðar

Sorpjald í þéttbýli er kr. 62.300 og skiptist gjaldið í kr. 21.200 fyrir sorphirðu, kr. 33.300 fyrir sorpeyðingu og kr. 7.800 fyrir blátunnu.

Sorpeyðingargjald kr. 24.200 er lagt á sumarbústaði og íbúðarhúsnæði með ákvæði um takmörkun á íveru vegna snjóflóðahættu.

Klippikort: Hver íbúðareigandi fær afhent klippikort á bæjarskrifstofunum fyrir 4m³ af sorpi til eyðingar á sorpmóttökustöðvum á Patreksfirði og Bíldudal. Sjá nánar á heimasíðunni www.vesturbyggd.is

Greiðsluseðlar eru ekki sendir með bréfpósti en birtast í heimabanka.

Elli- og örorkulífeyrisþegum er veittur afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi vegna íbúða þeirra til eigin nota. Afslátturinn að hámarki **kr. 102.400** er tekjutengdur.

Kærufrestur álagningar fasteignagjalda er til 15. mars 2020.

Vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofur í síma 450-2300 ef óskað er frekari upplýsinga.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2020.
Bæjarstjórnin.



Reglur á árinu 2020 um niðurfellingu fasteignagjalda. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.

1. Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er vegna íbúðarhúsnæðis þeirra til eigin nota og fyrir þá sem eiga lögheimili í Vesturbyggð. Niðurfellingin er tekjutengd og miðuð við árstekjur 2018, sbr. Álagningu skattstjóra 2019 og tekur einungis til fasteignaskatts og fráveitugjalds.
2. Tekjuviðmiðun:

Einstaklingur			Hjón/Sambýlingar		
Tekjur	kr.	afsláttur	Tekjur	kr.	afsláttur
Allt að	3.764.000	100%	Allt að	5.228.000	100%
Allt að	4.748.000	70%	Allt að	6.648.000	70%

Hærri tekjur gefa engan afslátt. Afsláttur fá ellilífeyrisþegar fæddir 1950 og fyrr.

3. Ellilífeyrisþegi hefur heimild til að leggja fram tekjuvottorð vegna tekna á árinu 2019 og breytast fasteignagjöld ársins 2020 til samræmis við reglur í lið 2.
4. Hafi veruleg tekjulækkun orðið hjá ellilífeyrisþega milli áranna 2018 og 2019 hefur bæjarráð heimild til að taka tillit til þess við niðurfellingu fasteignagjalda, berist umsókn um slíkt.
5. Við fráfall maka ellilífeyrisþega skulu fasteignaskattur og fráveitugjald af íbúðarhúsnæði sem maki hins látna (hinnar látnu) á og býr í falla niður að fullu fyrsta árið, þó að hámarki **kr. 102.400**.
6. Sömu reglur skulu gilda um niðurfellingu fasteignagjalda hjá öryrkjum með 75% örorku eða meiri.
7. Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds er **kr. 102.400**.

Vesturbyggð, 1. febrúar 2020.
Bæjarstjórnin.



Fasteignagjöld árið 2020 Styrkur vegna menningar-, björgunar-, eða íþróttastarfsemi.

Skilyrði styrkveitingar er að húsnæðið sé nýtt til starfsemi félagasamtaka er sinna menningarmálum, íþróttamálum og til björgunarsveita. Styrkur er einungis veittur til greiðslu **fasteignaskatts og fráveitugjalds**, að hámarki til hvers félags **kr. 102.400**. Styrkveiting miðast við áhugamannafélög sem ekki eru í atvinnustarfsemi.

Ekki er veittur styrkur til greiðslu þjónustugjalda, sem eru lóðarleiga, vatnsgjald og sorpgjald.

Af þeim hluta húsnæðisins sem leigt er út eða notað til að afla tekna skal greiða fasteignagjöld. Styrkveiting er háð því að félög skili inn ársreikningi vegna ársins 2019, upplýsingum um notkun og tekjur vegna leigu viðkomandi fasteignar og skili inn umsókn fyrir 1. júní 2020.

Ákvörðun um styrk til greiðslu fasteignaskatts og fráveitugjalds verður tekin í ljósi innsendra upplýsinga.

Vesturbyggð 1. febrúar 2020.
Bæjarstjórinn